
Morgunblaðið

MENNING LISTIR

PRENTSMIÐJA MORGUNBLAÐSINS LAUGARDAGUR 6. ÁGÚST 1994 BLAÐ B

KJARVALSSTAÐIR

ALMENNINGS-GARÐAR OG TVÆR SÖGUR AF FJÖLSKYLDU



Sigurður Árni Sigurðsson Morgunblaðið/Golli

Í dag verða opnaðar á Kjarvalsstöðum þrjár myndlistarsýningar sem menningarmálanefnd Reykjavíkur stendur fyrir. Tvær sýninganna eru á verkum ungra myndlistarmanna þeirra Sigurðar Árna Sigurðssonar og Kristins G. Harðarsonar en þriðja sýningin er á verkum Jóhannesar Sveinnsonar Kjarval. Greinarhöfundur mælti sér mót við Sigurð Árna og Kristinn G. á Kjarvalsstöðum þar sem hann forvitnaðist um sýningar þeirra og fleira. „Ég skipti sýningunni í tvennt" segir Sigurður Árni sem sýnir í vestursal, „annars vegar eru vissar hugmyndir sem ég hef fengið að almenningsgörðum og hins vegar eru verk þar sem ég velti fyrir mér sígildum spurningum um málverkið . Allar myndirnar eru unnar á síðastliðnum tveimur árum.


Í garðmyndunum eru það ekki tré sem ég er aðallega að fást við heldur skuggar þeirra og möguleikar á skipulagningu almennigsgarða. Þessi verk eru framhald af landslagsmálverkum sem ég vann að en munurinn er sá að núna súmma ég niður og mála skipulagða garða í stað þess að mála himinn og fjöll.

Í garðmyndunum gætir ákveðinnar fullkomnunaráráttu sem lýtur að því að fullkomna náttúruna, leita eftir samhengi í henni og öðrum hlutum. Ég er aðeins að fara inn á svið landslagsarkítekta og það finnst mér spennandi þannig stilli ég málverkinu upp og nálgast eitthvað sem kallast mætti hagnýtt. Í reynd væri hægt að búa til garð eftir þeim hugmyndum sem koma fram í verkunum og þá hægt að láta leik minn að skuggunum skila sér með sólarljósinu eða sérstakri lýsingu. Ef mér biðist að gera útilistaverk á þessum nótum þá myndi ég hiklaust taka því. Ég er sannfærður um að menn eiga eftir að útbúa garð þar sem áherslan hvílir aðallega á möguleikum birtunnar, leik ljóss og skugga. Slíkur garður myndi fullkomnast kanski einu sinni á ári eftir stöðu sólar.

Upphafið að garðamyndunum er að rekja til þess að ég er svo nýtinn. Afi minn kenndi mér nýtni og bryndi fyrir mér að smíða úr afgöngum. Ég hef alltaf gert það t.d. búið til smá skúlptúra úr afgangsblindrammaefni og nýtnin hefur ýtti undir smíðaáhuga minn. Lengi langaði mig til að búa til módel og hús en ég fann aldrei rétta formið. Á síðasta ári small þetta saman þegar ég smíðaði módel af garði og í framhaldi af því gerði ég málverk og teikningar á sömu hlutum. Ég hef verið að fást við þessar garðamyndir undanfarið og ég sé fyrir mér framhald á þessum hugmyndum. Ég verð með sýningu í Lyon í janúar þar sem ég mun sýna fimm stór módel og málverk af módelunum. Fyrir mér eru þetta rómantísk og náttúruleg verk en það verður þó að segjast að málverkið af módelunum er komið nokkuð langt frá náttúrunni. Mér finnst þó vera mikil nærvera fólks í þessum görðum, enda eru garðar gerðir fyrir fólk.

Í hinum hluta sýningarinnar er að finna verk þar sem ég velti fyrir mér sígildum spurningum um málverkið. Þar er að finna vangaveltur um þann heim sem leynist á bak við í málverkinu eða einskonar samtal við vissar hefðir í málverki og sögu þess. Ég er einnig með sex erótískar teikningar sem ég gaf út í bók samfara sýningu sem ég var með í Genf á síðasta ári." Sýning Kristins G. er í miðsal en þar sýnir hann skúlptúra, teikningar og vatnslitamyndir.

„Verkin sem ég sýni eru unnin á síðastliðnum þremur árum. Myndirnar eru flestar teiknaðar eða litaðar eftir ljósmyndum sem ég hef tekið. Þær eru unnar upp úr hálfgildings fjölskyldumyndum, eru misgamlar og yfir þeim hvílir einhver minningarbragur. Á sýningunni er til dæmis röð sex janfstórra vatnslitamynda sem máladar eru eftir ljósmyndum sem ég tók á ferðalagi um S- Austurland fyrir nokkrum árum. Myndirnar eru teknar út um glugga og í kringum hjólhýsi sem við gistum í. Ljósmyndirnar setti ég í albúm sem ég fletti síðan annað slagið. Smátt og smátt tóku þær á sig



Kristinn G. Harðarson